

Samkomulag

Dalvíkurbyggð og Félag eldri borgara í Dalvíkurbyggð gera með sér svohljóðandi samkomulag um stofnun samráðsvettvangs á milli kjörinna fulltrúa og fulltrúa eldri borgara. Tilgangurinn með samráðsvettvangi er að fulltrúar félags eldri borgara og kjörnir fulltrúar ræði milliliðalaust um hagsmunamál eldri borgara. Einnig er mikilvægt að eldri borgarar miðli reynslu sinni, þekkingu og sýn varðandi málefni sveitarfélagsins til kjörinna fulltrúa.

Félag eldri borgara og Dalvíkurbyggð hafa með samtölum sín á milli ákveðið að í stað þess að stofnað verði sérstakt Öldungaráð innan vébanda Dalvíkurbyggðar þá verði stofnaður samráðsvettvangur með a.m.k. 2 fundum á ári.


Félag eldri borgara skipar 3 einstaklinga í sitt Öldungaráð og 1 til vara. Öldungaráð fundar í mars og september ár hvert með byggðaráði Dalvíkurbyggðar og situr sviðsstjóri félagsmálasviðs/félagsmálastjóri þessa fundi. Ef ástæða þykir til getur öldungaráð óskað eftir aukafundi með byggðaráði.

Dalvíkurbyggð, 23. mars 2017

F.h. Dalvíkurbyggðar


Bjarni Th. Bjarnason, sveitarstjóri.

F.h. Félags eldri borgara


Ása Marinósdóttir, formaður.